

53 um og Stóruvallaprestakalli fyrir yfirstandandi ár, og að nefnd prestaköll að hinu leyt-
11. maf. inu fái sinn tiltölulega hluta af nefndri landsskuld.

54 Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um niðurlagningu Stóruvallakirkju.
11. maf. — Samkvæmt ályktun hjeradsfundarins í Rangárvallaprófastsdæmi og tillögum hinna háttvirtu stiptsyfirvalda í þóknanlegu brjefi 16. marz þ. á. vil jeg hjermeð með skýrskotun til 4. gr. laga um skipun prestakalla frá 27. febr. 1880 fallast á, að Stóruvallakirkja verði lögð niður þannig:

- 1, að Stóruvallasókn verði skipt milli Skarðs, Árbæjar og Marteinstungu kirkna og leggist bæirnir Tjörfastaðir, Bjalli, Efra-Sel, Neðra-Sel og Austvaðsholt til Árbæjarsóknar, Lúnansholt, Holtsmúli og Hjallanes til Marteinstungusóknar og hinir bæirnir í Stóruvallasókn til Skarðssóknar;
- 2, að sjóður, skróði og áhöld Stóruvallakirkju, sem og andvirði kirkjuhússins sjálfs, skiptist milli áðurnefndra þriggja kirkna eptir rjettri tiltölu við fólksfjölda þann, sem leggst til hvernar þeirrar, og
- 3, að kirkjukúgildin verði seld og andvirði þeirra sett á vöxtu sem sjóður, er fylgi Stóruvallaprestakalli, sem og að ítak kirkjunnar í Bryggnaflöru verði eign prestakallsins.

Þetta tilkynni jeg hjermeð hinum háttvirtu stiptsyfirvöldum til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar.

55 Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um undirbúningsráðstafanir til að
13. maf. kirkjujarðir verði lagðar út í árgjald frá brauðum. — Einsog hinum háttvirtu stiptsyfirvöldum er kunnugt, hafa tekjuuppbætur þær, sem ýmsum prestaköllum eru lagðar í lögum um skipun prestakalla 27. febrúar 1880 og síðari lögum um breytingar á þeim, hingaðtil verið greiddar úr landssjóði, og hefur fje það, sem til þess hefur þurft, verið veitt í fjárlögum 13. gr. A. b. 1, einsog líka á hinn bóginn að árgjöld þau, sem eptir áðurnefndum lögum eiga að greiðast frá ýmsum prestaköllum, hafa verið greidd í landssjóð og verið talin með tekjum landssjóðs í fjárlaganna 5. gr. 1. Í fjárlögum fyrir 1886 og 1887 hefur verið gjörð sú breyting í þessu efni frá fyrri fjárlögum, að fyrir árið 1887 er ekki áætlað að nein árgjöld frá prestaköllum verði greidd í landssjóð, og að fjárveitingin til uppbótar á prestaköllum er fyrir sama ár færð niður sem svarar árgjöldum þeim, sem ætla má að muni greiðast, og bera umræðurnar á alþingi með sjer, að tilgangurinn með þessari breytingu frá því sem áður hefur verið, er, að fá framgengt þeirri ákvörðun í 3. gr. áðurnefndra laga 27. febrúar 1880, að gjald það, sem greiða skal frá einu prestakalli til annars, skuli sem mest greiða með fasteignum eða afgjaldi fasteigna.

Áður en ákvörðun verði tekin um, hvernig og að hve miklu leyti ráðstöfun sú, sem þannig er gjört ráð fyrir í fjárlögum, verði framkvæmd, að því er snertir hvert einstakt prestakall, er nauðsynlegt að hafa fyrir sjer nákvæmar skýrslur um jarðeignir prestakalla þeirra, sem árgjald á að greiðast frá, og um hinn árlega afrakstur af hverri þessara jarðeigna; en prestaköll þau, sem árgjald á að greiðast frá eptir optnefndum lögum 27. febr. 1880 og síðari lögum, sem gjöra breytingar á þeim, eru þessi: